

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 907/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.**

1. gr.

a. Á eftir 1. tl. 1. gr. kemur nýr töluliður, sem verður 2. tl., svohljóðandi, og breytast númer töluliða í samræmi við það:

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 810/2010 frá 15. september 2010 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.

b. 2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010, eins og henni er breytt með reglugerðum sem nefndar eru í töluliðum 2 til 11 í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa. Jafnframt eru í fylgiskjali birtar framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar sem nefndar eru í töluliðum 12 til 16 í sömu grein.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. október 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Eggert Ólafsson.*